

Námsvísar; markmið inntak og skipulag náms

Skólastarfið er skipulagt í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Veturinn 2013-2014 var valgreinum fjölgað ásamt list- og verkgreinum. Í skipulagi skólstarfsins hefur aðstaðan í skólanum sett starfinu talsvert þröngar skorður. Í því skólahúsnæði sem skólinn hefur starfað í frá 1987 eru einungis þrjár hefðbundnar kennslustofur, auk tveggja smærri rýma, sem hafa einnig verið nýtt til kennslu. Eins og komið hefur fram er íþróttakennsla í húsnæði Kvennaskólans í Reykjavík, í Miðbæjarskólahúsinu við Fríkirkjuveg, sunðið í Sundhöll Reykjavíkur og frá því haustið 2013 höfum við haft heimilisfræðslu í Grandaskóla. Hluti af myndlistarkennslu hefur farið fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík, þó flestir tímar í myndlist séu kenndir í þeim kennslustofum sem eru í skólanum. Næsta vetur er fyrirhugað að bæta við tónlistarkennslu. Í skipulagi skólstarfsins er skapandi vinnu nemenda fléttað inn í hinar ýmsu námsgreinar auk þess sem mikil sköpun og hugmyndaauðgi leysist úr læðingi á þemadögum og við gerð rannsóknarverkefna sem nemendur vinna á hverjum vetri. Bæði þemavinna og rannsóknarverkefnavinna hafa verið þróunarverkefni undanfarin ár. Gert er grein fyrir þeim í sjálsmatskýrslum skólans sem birtast á heimasíðunni okkar.

Vísað er í **námsvísa einstakra greina** á heimasíðunni okkar á krækjunni <http://tjarnarskoli.is/page/namsvisar> þar sem sjá má nánari útfærslu á flestum námsgreinum.

